

# Eystrahorn

37. tbl. 37. árgangur

Fimmtudagurinn 17. október 2019

www.eystrahorn.is

## Námskeið í þverun straumvatna



Laxáin þveruð

Þann 9. október síðastliðinn hófst seinni hluti námskeiðisins gönguferðir. Sá dagur fór í undirbúning fyrir tveggja daga gönguferð sem hófst 10. október. Morguninn fór í kortalestur og kynningu á GPS tækjum. Farið var yfir hvernig slík

Nemendur fengu búnað að láni hjá Ice Guide og þökkum við þeim mikið vel fyrir það. Allir nemendur voru í þurrköllum, neoprene skóm og í björgunarvesti. Farið var í Laxá í Nesjum. Mikið hafði rignt dagana á undan en áin hafði sjatnað nóg

koma sér aftur á bakkann á sem öruggastan hátt. Ásamt því fengu nemendur að prófa sig áfram með svokallaðar kastlínur til að geta bjargað öðrum úr ánni ef til þess kæmi. Dagurinn var mjög skemmtilegur og fengu nemendur að vaða og synda allnokkrar ferðir niður Laxána. Það var mikið fjör og mikið gaman þrátt fyrir kalt vatnið, en við vorum heppin með veður og fengum við fallett veður meðan á æfingunum stóð.

Fimmtudaginn mættu nemendur svo í skólann tilbúnir í göngu. Fyrstu stundir morgunsins voru þó nýttar til að ljúka að fara yfir og gera leiðarkort fyrir fyrirhugaða ferð. Síðan var lagt af stað frá skólanum og keyrðu nokkrir kennarar okkur uppí Lón nánar tiltekið að mynni Össurárdals en það hafði verið ákveðið að ganga í kringum Reyðarárfjall. Gangan hófst um klukkan 12:00 og var gengið inn dalinn í botn Össurárdals. Á leiðinni var æfð notkun GPS, korts og áttavita. Einnig þurftum við að þvera Össurá sem var nokkuð vatnsmikil eftir vatnsverður undanfarinna daga. Innst í dalnum var tjaldað á fallettum stað með útsýni yfir fagra

fossa á svæðinu. Ákveðið var að tjalda á fyrri fallinu vegna þess að spád var mikilli rigningu og roki þegar líða tók á kvöldið. Drengirnir báru einnig með sér eldivið og kveiktu lítið bál áður en fór að rigna, það voru meira að segja grillaðir sykurpúðar. Um nóttina var svo mjög mikil rigning og gekk á með nokkuð hressilegum hviðum annað slagið. Því var mismikið sofið og vöknudu sumir í polli, ef þeir gátu þá sofið á annað borð.

Þrátt fyrir ofsaveðrið og hamaganginn voru allir hressir á föstudeginum, en þá áttum við um 6 kílómetra göngu eftir til byggða. Gengið var þá niður Reyðarárdalinn og var lagt uppúr notkun GPS tæksins og áttavitans enn og aftur. Upp úr hádegi fór sólin loks að skína og gat hlýjað okkur eftir nokkuð kalda og blauta nótt og morgun. Komið var til byggða um klukkan 13:00 þar sem að kennarar biðu eftir okkur og skutluðu okkur aftur í FAS.

Námskeiðið var mjög skemmtilegt og lærdómsríkt en þverun straumvatna stóð þar hæst að mati nemenda. Kennari á námskeiðinu var Sólveig Sveinbjörnsdóttir.



Göngugarpar með allt sitt hafurtask

tæki virka og hvað beri að hafa í huga við notkun þeirra. Eftir hádegi var svo nýtt námsefni kynnt fyrir hópnum í þverun straumvatna. Nemendur fengu fyrirlestur um þverun straumvatna og hvernig sé best að bera sig að í aðstæðum þar sem þvera þarf straumvötn. Um klukkan 14:00 var svo lagt af stað úr skólanum til að finna hentuga á til að æfa að þvera.

til að hægt væri að æfa þverun straumvatna. Farið var yfir hvernig skuli bera sig að við að velja vað og hvað þurfi að hafa í huga við valið. Ýmsar leiðir voru æfðar til að þvera vatnið á sem öruggastan hátt. Þá æfðu nemendur sig bæði sem hópur og einnig einir. Einnig var æft hvernig á að fara í svokallaða flotstöðu ef ske kynni að einhver félli í vatnið og hvernig ætti að

## Tungumálafólk óskast til vinnu sem túlkar

Alþjóðasetur leitar að fólki sem búsett er í Sveitarfélaginu Hornafirði til að starfa sem túlkar.

Góð kunnátta á móðurmáli og íslensku er skilyrði. Einnig góð færni í mannlegum samskiptum, stundvísi, háttvísi og trúnaður.

Starfið er unnið í verktöku og ráðast laun af fjölda verkefna.

Vinnutími er frjálss og sniðinn að óskum hvers og eins. Starfið hentar t.d. vel fyrir fólk sem starfar í vaktavinnu.

Boðið er upp á gjaldfrjálst starfsþjálfunarnámskeið áður en störf hefjast

**Umsókn ásamt ferilskrá sendist á [asetur@asetur.is](mailto:asetur@asetur.is)**



## FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



### IPAD námskeið

Mánudaginn 21. október byrjum við IPAD námskeiðið kl: 16:15 - 17:30. Endilega gangið frá skráningu á facebókinni eða á skráningablaði í EKRU, líka má hringja í 897-8885. Ekki missa af þessu

**SAMVERAN** er föstudaginn 18. október kl. 17:00 til kl 18:00

Gestur er **HRAFN M. HEIMISSON** sem sýnir okkur stórbrotnar myndir úr ferðalögum sínum um náttúru Íslands. Við syngjum útilegulög.

Hoppa kátur út.....Gerum góða mætingu!



## Þakkir

Þökkum auðsýnda samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu

**Ástu Ragnarsdóttur frá Grund í Nesjum**



Einnig langar okkur að færa starfsfólki Skjólgarðs sérstakar þakkir fyrir einstaka alúð og góða umönnun í veikindum hennar.

*Fyrir hönd aðstandenda*

*Gísli R. Sumarliðason*

*Katrín L. Gunnarsdóttir*

*Finnbogi S. Sumarliðason*

*Rosana Silva*



## Manstu eftir taupokanum?

**ÞOKASTÖÐIN**  
Hornafjörður - Iceland

## Eystrahorn

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi: ..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: ..... [tjorvi@eystrahorn.is](mailto:tjorvi@eystrahorn.is)

Prófarkalestur .... Guðlaug Hestnes

Umbrot: ..... Tjörvi Óskarsson

Prentun: ..... Litlaprent

ISSN 1670-4126

## Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur velkomnir í hópinn.

**HLS ehf.**

**Rnr. 0537-14-**

**409068**

**Kt. 500210-2490**



## Þakkir

Hjartans þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna fráfalls Prúðmars.

Guð blessi ykkur öll

*Hölmfríður Leifsdóttir  
börn og fjölskyldur*



## Ferðafélag Austur-Skaftfellinga

**GENGIÐ Á KETILLAUGARFJALL**

**Sunnudaginn 20.okt.**



Lagt verður af stað frá tjaldsvæðinu á Höfn kl.10, þar verður sameinast í bíla. Gönguferðir ferðafélagsins eru flokkaðar eftir því hve erfiðar þær teljast vera og gangan upp Ketillaugarfjall er metin upp á 3 skó, þar sem um er að ræða fjallendi og dágóða hækku. Farið verður upp Laxárdalsmegin, gert er ráð fyrir um 5 tímum í göngu, Ketillaugarfjall er 655m hátt. Allir sem treysta sér eru velkomnir í gönguna og veðurspáin er góð.

Þátttökugjaldið er 1.000 krónur fyrir einn, 1.500 fyrir þar og frítt fyrir 16 ára og yngri (í fylgd með fullorðnum). Ef hundur er með í för skal hafa með ól.

The local hiking party (Ferðafélagið) is leading a hike on Ketillaugarfjall on Sunday 20.Okt. Departure is at 10 o'clock from the campsite in Höfn (participants will have to drive approx.10 km before starting to hike). This is a mountain hike, Ketillaugarfjall is 655 m high, estimated 5 hours walking.

Everyone is welcome to participate, the participation fee is kr. 1.000 for an individual, 1.500 for a couple and free for 16 years old and younger (accompanied with an adult). If a dog is accompanied a leash must be brought as well.



# Haustfrí fjölskyldunnar... við mælum með Suðurlandi!

Hefur fjölskyldan skellt sér saman í hellaferð eða á kajak? Suðurland býður upp á spennandi upplifun og ævintýrlega skemmtun fyrir alla fjölskylduna í haustfríinu. Úr mörgu er að velja í afþreyingu hvort sem það er gönguferð um skóga eða svartar fjörur, hestaferð með heimaþólki, fræðsla í gróðurhúsi, jöklaferðir eða heimsókn í sundlaugar á svæðinu. Söfnin eru fjölmörg og víða áhugaverðar sýningar í boði fyrir alla fjölskylduna. Suðurland er einstakur áfangastaður og hefur í raun og veru allt sem Ísland hefur upp á að bjóða, svo sem fossa, fjöll, jökla, eyðisanda, jarðhitann og hraunið. Á Suðurlandi er gott aðgengi, stutt í náttúruperlur og ótrúlega margt í boði á litlu svæði, allt frá hálendi niður að sjó.

Suðurland er sannarlega ekki síður fyrir Íslendinga en erlenda ferðamenn. Með því að ferðast um heimabyggð styrkjum við þjónustu og

afþreyingu sem er í boði á okkar svæði og stuðlum að því að sú þjónusta verði áfram í boði bæði fyrir heimamenn og gesti. Jákvæð áhrif ferðabjónustunnar birtast m.a. á Suðurlandi með því að núna er hægt að fara á fjölda framúrskarandi veitinga- og kaffihúsa, upplifa fjölbreytta afþreyingu og auðvelt er að finna gistingu fyrir alla fjölskylduna s.s. íbúðir, gistihús, bændagistingu, hótél o.fl.. Með tilkomu ferðamanna til landsins er orðinn möguleiki fyrir fyrirtæki að reka þessa þjónustu allt árið um kring. Heimamenn njóta síðan góðs af og er kjörið tækifæri að nýta sér þjónustuna í haust- og vetrarfríum og njóta upplifunar í heimabyggð.

Til þess að tryggja að upplifun af ferðinni sé sem allra best er gott að skipuleggja ferðalagið vel þegar ferðast er að hausti til eða vetri hvort sem hugað er að gistingu, veitingum eða afþreyingu. Ferðabjónustuaðilar verða



með ýmis tilboð með sérstakri áherslu á fjölskylduna í haustfríinu, dagana 17-29. október og 13.-18. nóvember. Nánari upplýsingar um tilboðin og hugmyndir að því sem fjölskyldan getur gert og notið saman á Suðurlandi

er á heimasíðu Markaðsstofu Suðurlands, [south.is](http://south.is)

Allar nánari upplýsingar má finna á viðburðadagatali [south.is](http://south.is), [www.south.is/is/hvad-a-ad-gera/vidburdir](http://www.south.is/is/hvad-a-ad-gera/vidburdir)

## Umhverfis- og skipulagsstjóri

Starf umhverfis- og skipulagsstjóra hjá sveitarfélaginu Hornafirði er nú laust til umsóknar. Um er að ræða krefjandi starf fyrir öflugan stjórnanda sem mun leiða og veita faglega forystu umhverfis- og skipulagsmálum sveitarfélagsins. Viðkomandi hefur yfirumsjón og eftirlit með faglegu starfi sviðsins og undirbýr og fylgir eftir þeim málum er varða umhverfis- og skipulagsnefnd sem starfsmaður nefndarinnar.

Umsóknarfrestur  
**26. október**

### Helstu verkefni:

- Áætlunargerð og stefnumótun
- Daglegur rekstur umhverfis- og skipulagssviðs
- Umsjón og eftirlit með skipulagsgerð og framkvæmdum
- Yfirumsjón með vatns-, fráveitu- og sorpmálum
- Yfirumsjón með umhverfismálum sveitarfélagsins
- Upplýsingagjöf og samskipti við íbúa, kjörna fulltrúa og aðra hagsmunaaðila

Upplýsingar og umsókn  
**[capacent.com/s/14788](http://capacent.com/s/14788)**

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Viðkomandi þarf að uppfylla kröfur eins og þeim er lýst í 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Reynsla af áætlanagerð s.s. verk-, kostnaðar- og fjárhagsáætlanagerð
- Góð þekking á lögum og reglugerðum tengdum bygginga- og skipulagsmálum er æskileg
- Æskilegt er að umsækjandi uppfylli skilyrði 8. og 25. gr. mannvirkjalaga
- Leiðtogaþæfni og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæði og góð skipulagshæfni



Á Hornafirði búa um 2.400 manns í blómlegri byggð þar sem fjölbreytt atvinnu- og menningarlíf fer saman. Starfsmannafjöldi er 260 og einkunnarorð sveitarfélagsins eru samvinna – metnaður – haldarleið. Umhverfi sveitarfélagsins er stórbrotið og tækifæri til útivistar fjölbreytt.



# Afsláttur til félagsmanna

**30% AFSLÁTTUR** af öllum vörum frá Coop og Xtra  
Afsláttur gildir frá 17. – 20. október í verslunum Nettó og Kjörbúðarinnar.



nettó

KJÖRBÚÐIN  
í næsta nágrenni